

um breyting á lögum nr. 64 7. maí 1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

1. 18. og 19. gr. laganna falli niður. 20. gr. verði 18. gr.
2. Á eftir III. kafla laganna komi nýr kafli með 5 nýjum greinum (19.—23. gr.), svo hljóðandi:

IV. KAFLI

Um verkfæratilraunir.

- a. (19. gr.) Til þess að reyna ný verkfæri eða breytingar á eldri verkfærum, öðrum en handverkfærum, í þágu landbúnaðarins, skal skipa þriggja manna nefnd til 5 ára í senn, er nefnist Verkfæranefnd ríkisins. Sé einn skipaður af landbúnaðarráðherra, einn tilnefndur af stjórn Búnaðarfélags Íslands, en verkfæraráðunautur Búnaðarfélags Íslands skal vera sjálfkjörinn. Nefndin skiptir með sér verkum.
- b. (20. gr.) Sérhverjum innflytjanda eða framleiðanda landbúnaðarvéla og verkfæra skal skylt að afhenda nefndinni til reynslu eina vél eða verkfæri af nýrri eða breyttri gerð, er þeir flytja inn eða framleiða.

Skylt er nefndum aðilum, er láta reyna vélar eða verkfæri, að flytja þau á sinn kostnað að og frá tilraunastað. Verkfæranefnd ber ekki ábyrgð á tækjunum, en eigendum þeirra er heimilt að hafa mann við tilraunirnar til eftirlits með vélunum.

Hafi viðkomandi véltegund eða verkfæra verið reynd af opinberum aðilum erlendis, skal innflytjandi afhenda verkfæranefndinni niðurstöður tilrauna þeirra, samtímis og hann óskar eftir hæfnispröfun vélarinnar.

Innflytjanda eða framleiðanda skal skylt að greiða tilraunagjald fyrir hæfnispröfunina. Skal gjaldið vera:

1. Fyrir vélar eða verkfæri, sem kosta innan við 1000 kr. í útsölu, kr. 200.00.
2. Fyrir vélar eða verkfæri, sem kosta frá 1000—5000 kr. í útsölu, kr. 500.00.
3. Fyrir vélar, sem kosta í útsölu yfir 5000 kr., skal greiða 4%, þó aldrei undir kr. 500.00.

Innflytjanda er óheimilt að selja vélar eða verkfæri, nema hæfnispröfun hafi verið gerð.

Verkfæranefnd ber að hraða prófun tækja eftir því, sem við verður komið, og láta eigendum þeirra í té vottorð um árangur tilraunanna.

Enn fremur skal verkfæranefnd birta árlega opinbera skýrslu um verkfæratilraunir sínar.

- c. (21. gr.) Verkfæranefnd skal heimilt að kveðja sérfræðinga sér til aðstoðar, ef þörf krefur.
 - d. (22. gr.) Ef til vantar, að tilraunagjald véla og verkfæra nægi til að standa straum af starfsemi verkfæranefndar, greiðir ríkissjóður hallann eftir reikningi.
 - e. (23. gr.) Selji innflytjandi eða framleiðandi, eða láti af hendi til afnota, vél eða verkfæri af þeirri tegund, sem ekki hefur fengið viðurkenningu verkfæranefndar, skal viðkomandi vél eða verkfæri gert upptækt til handa ríkissjóði.
3. IV. kafli laganna verði V. kafli, 21. gr. verði 24. gr., og aðrir kaflar og greinar þessara laga breytist þessu til sanræmis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk stjórnar Búnaðarfélags Íslands, og áskilja nefndarmenn sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum, og hafa að öllu leyti óbundnar hendur um afgreiðslu málsins.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frv.:

Frumvarp þetta til breytinga á lögum um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins, er fram borið til sanræmingar á ákvæðum þeirra laga við ákvæði hinna nýsamþykktu jarðræktarlaga, sem gerðu allmikla breytingu á hinni eldri skipan vélasjóðs og verkfæranefndar. Þá hefur einnig verið tekið upp í frumvarpið ákvæði, sem skylda þá einstaklinga og stofnanir, sem hafa með höndum sölu hinna meiri háttar landbúnaðarverkfæra, að láta fara fram á þeim sérstaka athugun verkfæranefndar til að tryggja það, að þær vélar, sem þjóðin ver fjármunum sínum og gjald eyri til að eignast, henti sem best við íslenzka staðhætti.